

# Verklag um hreinsunaráttak í Hvalfjarðarsveit

## Þéttbýli:

- Tekin er ákvörðun um árlegt hreinsunaráttak, fyrirkomulag og tímabil í umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd ár hvert.
- Gámar vegna hreinsunaráttaks eru staðsettir við Melahverfi, á Hvalfjarðarströnd og á Innnesi.
- Eftirfarandi gámar eru í boði:
  - Gámur fyrir timbur
  - Gámur fyrir járn og dekk
  - Gámur fyrir gróðurúrgang
  - Gámur fyrir almennan (óflokkaðan/grófan) úrgang
- Leiðbeiningar frá þjónustuaðila má sjá á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.
- Afar mikilvæg er að ganga snyrtilega um gámasvæðin og setja úrgang í rétta gáma. Röng flokkun í gáma veldur viðbótarkostnaði.
- Íbúar eru hvattir til að taka þátt og nýta sér þjónustu sveitarfélagsins.

## Dreifbýli/Lögbýli:

- Tímabil hreinsunaráttaks er frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert.
- Íbúar í dreifbýli geta pantað samtals 2 gáma í 2 sólarhringa á skrifstofu sveitarfélagsins.
- Eftirfarandi gámar eru í boði:
  - Gámur fyrir timbur
  - Gámur fyrir járn og dekk
  - Gámur fyrir gróðurúrgang
  - Gámur fyrir almennan (óflokkaðan/grófan) úrgang
- Sveitarfélagið greiðir fyrir flutning og leigu fyrir gámana, en umsækjandi greiðir fyrir losun og förgun, sbr. gjaldskrá þjónustufyrirtækisins.
- Ef óskað er eftir að gámarnir standi lengur en reglur sveitarfélagsins gera ráð fyrir er það á kostnað umsækjanda.
- Mikilvægt er að flokka rétt - **röng flokkun í gáma veldur viðbótarkostnaði sem fellur á umsækjanda.**
- Íbúar eru hvattir til að taka þátt og nýta sér þjónustu sveitarfélagsins.

## Frístundabyggðir:

- Tímabil hreinsunaráttaks er frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert. Gámarnir eru í boði 11 daga samfleytt innan tímabilsins og tímasetninguna þarf að ákvarða í samráði við fulltrúa sveitafélagsins og verktakann.
- Forsvarsmenn frístundahverfa, sem falla undir reglur sveitarfélagsins um gámavelli, geta pantað gáma á skrifstofu sveitarfélagsins.
- Eftirfarandi gámar eru í boði:
  - Gámur fyrir timbur
  - Gámur fyrir járn
  - Gámur fyrir gróðurúrgang
- Sveitarfélagið greiðir fyrir flutning og leigu fyrir allt að þrjá gáma í 11 daga, en umsækjandi greiðir fyrir losun og förgun, sbr. gjaldskrá þjónustufyrirtækisins.

- Ef óskað er eftir að gámarnir standi lengur en reglur sveitarfélagsins gera ráð fyrir er það á kostnað viðkomandi sumarhúsafélags.
- Mikilvægt er að flokka rétt - **röng flokkun í gáma veldur viðbótarkostnaði sem fellur á viðkomandi sumarhúsafélag.**
- Frístundahúsaeigendur eru hvattir til að taka þátt og nýta sér þjónustu sveitarfélagsins.

*Samþykkt af Umhverfis- skipulags- og náttúruverndarnefnd 1. júní 2023.  
Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 14. júní 2023.*